

## 3. gr.

Nú er búnaður skv. 1. og 2. gr. fluttur inn til endursölu og er hann þá undanþeginn sölugjaldi við sölu.

## 4. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

## 5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lið 3.17 í 6. gr. fjárlaga nr. 121 31. desember 1985 og lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 30. janúar 1986.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

Sigurgeir A. Jónsson.

**REGLUGERÐ****um Menningarsjóð útvarpsstöðva.**

## 1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita íslenskum útvarpsstöðvum framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu. Það telst innlend dagskrárgerð ef íslenskur aðili hefur forræði á gerð dagskrár og dagskrá er gerð til flutnings í útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, hér á landi.

## 2. gr.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru:

1. Sérstakt menningarsjóðsgjald, sem leggjast skal á allar auglýsingar í útvarpi. Menningarsjóðsgjaldið skal vera 10% og leggst það ofan á auglýsingaverð án söluskatts.
2. Fjármagnstekjur.
3. Aðrar tekjur.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva ákveður hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.

## 3. gr.

Af tekjum þeim sem Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur af menningarsjóðsgjaldi, sbr. 2. gr., skal sjóðurinn greiða hlut Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum eða öðrum framlögum til útvarpsstöðva kemur.

## 4. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva úthlutar úr sjóðnum a. m. k. tvisvar á ári. Skal auglýst með venjulegum hætti eftir umsóknum. Stjórnin lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr sjóðnum. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um áætlaðan kostnað og tímasetningar varðandi gerð eða kaup á þeirri dagskrá sem sótt er um framlög til. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn.

## 5. gr.

Framlög úr Menningarsjóði útvarpsstöðva skulu veitt til afmarkaðra, tilgreindra viðfangsefna á sviði innlendirar dagskrárgerðar. Framlög má veita til fyrirhugaðra viðfangsefna eða verka sem lokið er. Framlög skulu vera styrkir, en heimilt skal þó að veita lán eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Meginreglan við úthlutun úr sjóðnum skal vera sú, að framlög séu einungis veitt eftir umsókn, sbr. þó 3. gr. Sjóðsstjórn skal þó heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að veita framlög úr sjóðnum án umsóknar.

Framlög úr Menningarsjóði útvarpsstöðva skulu einvörðungu veitt útvarpsstöðvum. Framlög má bæði veita vegna dagskrárgerðar viðkomandi útvarpsstöðvar sjálfrar og vegna kaupa útvarpsstöðvar á efni til flutnings frá öðrum innlendum aðilum sem annast dagskrárgerð.

Sjóðsstjórn ákveður í hverju tilviki hvernig útborgun framlaga úr sjóðnum skuli háttað. Stjórnin getur ákveðið að greiðslur fari fram í áföngum eftir því sem kostnaður fellur til.

Nú lýkur útvarpsstöð eigi við gerð dagskrár innan hæfilegs tíma að mati sjóðsstjórnar og skal henni þá skylt að kröfu stjórnarinnar að endurgreiða styrk sem henni hefur verið veittur ásamt venjulegum vöxtum sem vera skulu jafnháir og almennir sparisjóðsvextir á hverjum tíma við Landsbanka Íslands. Sama á við þegar styrkur hefur verið veittur til kaupa á dagskrárefni.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal árlega taka saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðnum. Skýrslan skal send menntamálaráðherra, útvarpsréttarnefnd og öllum útvarpsstöðvum.

## 6. gr.

Útvarpsstöðvar skulu standa Menningarsjóði útvarpsstöðva skil á menningarsjóðsgjaldi því sem þeim ber að innheimta samkvæmt 1. tölulið 2. gr. á greiðslustað sem sjóðurinn tiltekur. Skulu greiðslur inntar af hendi 6 sinnum á ári á eftirfarandi gjalddögum: Hinn 15. apríl fyrir tímabilið janúar-febrúar, 15. júní fyrir tímabilið mars-apríl, 15. ágúst fyrir tímabilið maí-júní, 15. október fyrir tímabilið júlí-ágúst, 15. desember fyrir tímabilið september-október og 15. febrúar fyrir tímabilið nóvember-desember. Greiðslu skal fylgja skilagrein á sérstökum eyðublöðum sem Menningarsjóður útvarpsstöðva lætur útbúa. Sé greiðsla eigi innt af hendi á gjalddaga reiknast á hana hæstu lögleyfðu dráttarvextir á hverjum tíma.

Menningarsjóður útvarpsstöðva á rétt á að krefjast þess að endurskoðandi viðkomandi útvarpsstöðvar láti í té álit á því hvort uppgjör á menningarsjóðsgjaldi sé rétt og í samræmi við bókhald útvarpsstöðvar.

## 7. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva, sem skipuð skal til tveggja ára í senn, skipa þrjú menn, einn tilnefndur af útvarpsráði Ríkisútvarpsins, einn sameiginlega af öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu eða af útvarpsréttarnefnd, ef þær koma sér ekki saman, og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

## 8. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva ræður sjóðnum starfslið eftir því sem þörf krefur. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna. Stjórnarlaun og annar kostnaður greiðist af fé sjóðsins.

## 9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. og 38. gr. laga nr. 68/1985 og öðlast hún þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða I.**

Meðan útvarpsstöðvar aðrar en Ríkisútvarpið hafa ekki myndað með sér samtök eða með öðrum hætti komið sér saman um það — hvernig að tilnefningu manns í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skuli staðið, skal menntamálaráðherra hafa forgöngu um að kveðja fulltrúa þessara útvarpsstöðva saman til fundar á tveggja ára fresti þar sem þess skal freistað að ganga frá tilnefningu þessara útvarpsstöðva á manni í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

**Ákvæði til bráðabirgða II.**

Útvarpsréttarnefnd skal tilnefna fulltrúa annarra útvarpsstöðva en Ríkisútvarpsins til setu í fyrstu stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

*Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1986.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Árni Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ****um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum.**

## 1. gr.

Veita má tímabundin leyfi til útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps, fyrir almenning á afmörkuðum svæðum. Leyfi þessi má veita sveitarfélögum, skráðum hlutafélögum skráðum samvinnufélögum, öðrum skráðum félögum með takmarkaðri ábyrgð, skráðum sameignarfélagum, skráðum samlagsfélögum, sjálfseignarstofnunum sem eru undir opinberu eftirliti, lögráða einstaklingum og öðrum sambærilegum aðilum. Hvorki er heimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Útsending sem aðeins nær til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla eða verksmiðju, telst eigi útvarp í skilningi reglugerðar þessarar.

## 2. gr.

Útvarpsréttarnefnd veitir leyfi til útvarps í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og fylgist með því að laga- og reglugerðarákvæðum um útvarpsrekstur samkvæmt tímabundnum leyfum og skilmálum slíkra leyfa sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Skylt er formanni að kveðja til fundar ef tveir nefndarmanna æskja þess.

Fundur í útvarpsréttarnefnd er lögmætur, ef meirihluti nefndarmanna er viðstaddur.

Ákvörðun útvarpsréttarnefndar er því aðeins lögmæt að meirihluti útvarpsréttarnefndarmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Um niðurstöður ræður afl atkvæða.